

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð nr. 170/1987, um þátttöku almannatrygginga í bifreiðakaupum fatlaðra.

#### 1. gr.

Fjárhæðir samkv. 1. mgr. 5. gr. skulu vera sem hér segir:  
Skv. tölul. 1, kr. 220 000 og skv. tölul 2, kr. 650 000.

#### 2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er skv. 19. gr., sbr. 39. gr. stl. a) laga nr. 97/1971, um almannatryggingar, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. janúar 1992. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 25/1991, með sama heiti.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 20. desember 1991.*

**Sighvatur Björgvinsson.**

*Ingimar Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um breytingu á reglugerð um flugrekstur, nr. 381/1989 með síðari breytingum.

#### 1. gr.

Grein 9.1.2 orðist svo:

Þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, skulu samt í atvinnuflutningum með farþega vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvéartegund. Þessi grein tekur gildi 1. janúar 1994.

#### 2. gr.

Grein 9.1.2.1 orðist svo:

Til 1. janúar 1994 gildir að í atvinnuflutningum með farþega skulu vera tveir flugmenn með tilskilin réttindi á viðkomandi flugvéartegund, enda þótt flughandbók geri einungis ráð fyrir einum flugmanni, þegar um er að ræða:

- a) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug, milli Íslands og annarra landa, og
- b) reglubundið áætlunarflug og leigu- eða þjónustuflug, með
  - i) þotum,
  - ii) skráfuþotum,
  - iii) flugvélum, sem gerðar eru til flutninga á fleiri en 9 farþegum.

#### 3. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt 188. gr. laga nr. 34, 21. maí 1964, um loftferðir og tekur til íslenskra flugvéla, svo og annarra flugvéla, sem íslenskur flugrekandi notar eða ræður yfir, staðfestist hér með og skal öðlast gildi 1. janúar 1992.

*Samgönguráðuneytið, 24. desember 1991.*

**Halldór Blöndal.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*